

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skrifstofa orkumála
urn@urn.is

Reykjavík, 14. ágúst 2026

Efni: Umsögn Samorku um drög að frumvarpi til laga til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (EES-réttur), mál í samráðsgátt nr. S-127/2026

1. Inngangur

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði orkumála til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (hér eftir „RED II“ eða „tilskipunin“). Samorka vísar jafnframt til fyrri umsagnar sinnar, dags. 10. febrúar 2026, um áform um lagasetninguna (mál nr. S-16/2026).

Umsögninni er skipt í þrennt. Í fyrsta lagi er fjallað um breytingar á lögum um upprunaábyrgð á orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum, nr. 30/2008 (I. kafli frumvarpsins). Í öðru lagi er fjallað um breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003 (II. kafli frumvarpsins). Í þriðja lagi er gerð grein fyrir því sem Samorka telur vera verulegan ágalla á frumvarpinu, þ.e. að í því er ekki fjallað um innleiðingu ákvæða RED II um einföldun og hröðun leyfisveitingarferla, sbr. 15. og 16. gr. tilskipunarinnar né er þar horft til þeirra tækifæra sem felast í því fyrir íslenskt atvinnulíf að innleiða ákvæði RED III tilskipunarinnar um einföldun og flýtingu leyfisveitingarferla.

2. Upprunaábyrgðir (I. kafli frumvarpsins)

2.1 Almennt

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 30/2008 sem fela einkum í sér að gildissvið laganna er víkkað út þannig að þau nái, auk raforku, einnig yfir endurnýjanlegt gas (þ.m.t. vetni), hitun og kælingu, sbr. 1. gr. og 2. gr. frumvarpsins. Um er að ræða breytingar sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og í samræmi við þróun regluverksins á evrópskum vettvangi. Samorka gerir ekki athugasemd við þessa útvíkkun sem slíka en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

2.2 Hlutverk Landsnets gagnvart nýjum flokkum upprunaábyrgða

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að Landsnet gegni áfram hlutverki útgáfuaðila allra upprunaábyrgða samkvæmt lögum nr. 30/2008, þ.m.t. vegna hitunar, kælingar og endurnýjanlegs gass. Samorka tekur undir athugasemdir Landsnets sem settar voru fram í umsögn um áform um innleiðingu á tilskipuninni (mál í Samráðsgátt S-16/2026). Þar er bent á að Landsnet hafi hvorki upplýsingar né þekkingu á þeim hlutum og eðlilegt sé að skoða hvort fela eigi öðrum útgáfu slíkra upprunaábyrgða.

2.3 Hugtakanotkun

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nýr 8. tl. bætist við 2. gr. laga nr. 30/2008 þar sem hugtakið „fjarhitun eða fjarkæling“ er skilgreint. Við yfirferð frumvarpsins verður hins vegar ekki séð að þessi hugtök séu notuð annars staðar í lögnum. Til að mynda er í 1. gr. frumvarpsins (nýrri 1. gr. laganna) einungis vísað til „hitunar“ og „kælingar“ í almennu máli, en ekki til hins skilgreinda hugtaks „fjarhitun eða fjarkæling“. Sama á við um hugtakið „Endurnýjanlegt gas“ sem lagt er til að komi inn í lögin sem nýr 9. tl.

Samorka bendir á að skilgreiningar sem ekki eru notaðar í efnisákvæðum geta valdið óvissu um hvort þeim sé ætlað sérstakt lagalegt vægi, t.d. um hvort upprunaábyrgðir vegna hitunar/kælingar taki eingöngu til fjarhitunar/fjarkælingar í þeim skilningi sem skilgreiningin kveður á um, eða til hitunar og kælingar með almennari hætti. Samorka leggur til að ráðuneytið yfirfari frumvarpið með tilliti til samræmis milli skilgreininga og efnisákvæða, bæði hvað þessi atriði varðar og almennt.

Þá má jafnframt benda á að orðalag um „afturköllun“ í d-lið 4. gr. laganna en í reglugerð nr. 757/2012 er notað hugtakið „afskráning“ um sömu aðgerð. Um er að ræða sitthvort hugtakið og rétt að yfirfara hugtakanotkun í frumvarpinu og eftir atvikum reglugerðinni með það fyrir augum að tryggja skýra og samræmda notkun á hugtökum.

Þá er bent á að af þeim tólf markaðsaðilum sem nú hafa reikning hjá Landsneti fyrir upprunaábyrgðir eru einungis fimm framleiðendur. Samorka telur mikilvægt að skýrt verði að afskráningarskylda vegna útrunninna ábyrgða taki til allra handhafa upprunaábyrgða sem eiga reikning hjá Landsneti, en takmarkist ekki við framleiðendur eina.

3. Breytingar á raforkulögum (II. kafli frumvarpsins)

Í þessum kafla er fjallað um breytingar á raforkulögum samkvæmt frumvarpinu, þar sem lagt er til að lögfesta hugtökin virkur notandi, orkusamfélag og jafningjaviðskipti og kveða á um réttindi þessara aðila og skyldur markaðsaðila gagnvart þeim.

3.1 Tæknilegir tengiskilmálar

Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er lagt til að við 16. gr. raforkulaga bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um að í reglugerð skuli fjalla um réttindi, skyldur og starfsumgjörð virkra notenda og orkusamfélaga, þar á meðal um tæknileg skilyrði tenginga, tilkynningarferli, mælingar og gjaldskrárviðmið.

Samorka telur aðeins óljóst hvað á nákvæmlega að útfæra í reglugerð um tæknileg skilyrði, tilkynningar og gjaldskrárviðmið.

Að því er varðar tæknileg skilyrði þá leggur Samorka ríka áherslu á að tæknileg útfærsla tenginga við dreifikerfið, þ.e. hinir eiginlegu Tæknilegu tengiskilmálar raforkudreifingar (TTR), séu og verði áfram á hendi dreifiveitna, eins og lög gera ráð fyrir. Dreifiveitur búa yfir sérþekkingu á eigin kerfum og bera lögbundna ábyrgð á öryggi og áreiðanleika þeirra. Það liggur því í hlutarins eðli að tæknilega kröfur til tengingar við dreifikerfið verði að vera á hendi dreifiveitna. Samorka leggur til að skýrt verði í lagatexta eða greinargerð að reglugerðarheimildin taki til almennra viðmiða og ramma um réttindi og skyldur, en að útfærsla tæknilegra tengiskilmála sé áfram á forræði dreifiveitna. Þessi nálgun er í fullu samræmi við 17. gr. tilskipunarinnar sem kveður eingöngu á um að virkir notendur eigi að geta tengst dreifkerfinu með einföldu tilkynningarferli með framleiðslueiningum með uppsett rafafli 10,8 kW eða minna. Þá er skýrt kveðið á um það í tilskipuninni að dreifiveita geti hafnað nettengingu á grundvelli öryggis- eða tæknilegra sjónarmiða.

Verði reglugerð sett á grundvelli ákvæðisins er jafnframt mikilvægt að dreifiveitum verði veittur hæfilegur aðlögunarfrestur til að uppfæra TTR og innri ferla sína í kjölfarið, enda taki slíkar breytingar tíma í framkvæmd.

Að því er varðar öryggi og gæði búnaðar sem tengdur er inn á dreifikerfið er mikilvægt að eftirlit með því að slíkur búnaður uppfylli tilskilda staðla og öryggiskröfur sé áfram á hendi Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar (HMS).

3.2 Gjaldskrár dreifiveitna

Í 13. og 14. gr. frumvarpsins er fjallað um gjaldskrár dreifiveitna. Þannig segir í 13. gr. að í reglugerð skuli mæla fyrir um „staðalaða gjaldskrárumgjörð dreifiveitna“ gagnvart virkum notendum og orkusamfélögum. Í 14. gr. er lagt til að bæta við 17. gr. a raforkulaga nýrri málsgrein sem segir að gjaldskrár dreifiveitna skuli sérstaklega taka mið af virkum notendum og orkusamfélögum og að dreifiveitur skuli ekki hindra rétt þeirra til að framleiða, neyta, geyma eða selja eigin raforku.

Samorka gerir ekki athugasemdir við orðalag 14. gr. sem ætlað er að innleiða 2. mgr. 21. gr. og 22. gr. tilskipunarinnar. Samorka vill sérstaklega vekja athygli á og fagna því sem fram kemur í greinargerð með 14. gr. frumvarpsins, þar sem skýrt er tekið fram að ákvæðinu sé ekki ætlað að fela í sér að virkir notendur eða orkusamfélög skuli almennt njóta lægri gjalda en aðrir notendur eða vera undanþegin greiðslu fyrir notkun dreifikerfisins, heldur skuli gjaldskrár „eftir sem áður byggjast á almennum meginreglum raforkulaga um kostnaðargrundvöll, jafnræði og gagnsæi“. Í greinargerðinni er jafnframt tekið fram að ákvæðinu sé ætlað að tryggja aukna þátttöku neytenda í orkuskiptum „án þess að ganga gegn grundvallarsjónarmiðum raforkulaga um öruggan rekstur raforkukerfisins og kostnaðarendurspeglandi gjaldskrár“, og að dreifiveitum verði áfram heimilt að setja málefnaleg skilyrði sem byggð eru á „hlutlægum og gagnsægum forsendum“ og gildi jafnt um sambærilega notendur.

Samorka telur þessa afstöðu sem birtist í greinargerðinni rétta og í fullu samræmi við þá grundvallarreglu um kostnaðarendurspeglun sem raforkulög og gjaldskrár dreifiveitna byggja á. Samorka leggur því ríka áherslu á að hún verði virt til fulls þegar kemur að nánari útfærslu í reglugerð og í framkvæmd dreifiveitna. Reglan um kostnaðarendurspeglandi gjaldskrár felur í sér að sá kostnaður sem hlýst af tengingu, mælingum og rekstri vegna dreifðrar framleiðslu virkra notenda og

orkusamfélaga þarf að endurspeglast með réttum hætti í gjaldskrá gagnvart þeim aðilum sem valda honum. Sé þeirri reglu ekki fylgt eftir í reynd er hætt við að kostnaðurinn lendi þess í stað í almennum dreifigjöldum og þar með á öðrum notendum kerfisins. Slík víxlنيðurgreiðsla (e. cross-subsidisation) milli notendahópa væri í andstöðu við þá kostnaðarendurspeglun og það jafnræði sem greinargerðin sjálf leggur til grundvallar. Samorka bendir í því sambandi á að einhvers konar kostnaðar- ábatagreining þurfi að liggja til grundvallar áður en dreifiveitur verði skyldaðar til að taka upp flókin og kostnaðarsöm mæli-, gagna- og uppgjörskerfi.

Í þessu sambandi má áréttast að ákvörðun um efnislegt innihald gjaldskráa dreifiveitna á ekki heima í reglugerð sem ráðuneytið setur. Það er hlutverk hverrar dreifiveitu að setja sér gjaldskrá innan þeirra tekjumarka sem henni eru ákvörðuð. Það er svo hlutverk Raforkueftirlitsins, sem sjálfstæðs eftirlitsaðila, að setja viðmið og aðferðafræði sem gjaldskrárákvarðanir dreifiveitna byggja á og hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt. Birtist framangreind ábyrgðarskipting ágætlega í frumvarpi umhverfisorku- og loftslagsráðuneytis sem birt var í samráðsgátt í mars 2026, mál nr. S-58/2026. Þar er gert ráð fyrir að Raforkueftirlitinu sé falið sjálfstætt ákvörðunarvald um aðferðafræði við útreikning tekjumarka og gjaldskráa flutnings- og dreifiveitna, og því ætlað að setja og birta bindandi reglur um viðmið og aðferðir sem liggja til grundvallar gjaldskrárákvorðunum. Samorka leggur því til að það verði áréttast, í lagatexta eða greinargerð, að reglugerðarheimild 14. gr. frumvarpsins feli ekki í sér að ráðuneytið ákveði efnisleg atriði gjaldskráa dreifiveitna, heldur einungis almenn viðmið sem samræmist því að gjaldskrár séu áfram á forræði einstakra dreifiveitna, innan þeirra viðmiða og aðferðafræði sem Raforkueftirlitið setur og hefur eftirlit með sem sjálfstæður eftirlitsaðili.

Samorka vill jafnframt vekja athygli á að umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað á undanförunum árum á uppbyggingu gjaldskráa dreifiveitna víða í Evrópu, þar sem aukin áhersla er lögð á aflþátt gjaldskráa fremur en orkuþátt, enda er meginhluti kostnaðar dreifiveitna til lengri tíma óháður raunverulegri orkunotkun og ræðst þess í stað af nauðsynlegri afkastagetu kerfisins. Noregur er gott dæmi um þessa þróun. Þar var í áföngum tekin upp krafa um að fastur hluti gjaldskrár taki mið af aflþörf viðskiptavina, en dreifiveitum var eftir sem áður veitt verulegt svigrúm til að útfæra tæknileg atriði gjaldskrárinnar sjálfar innan þess ramma. Þetta var ferli sem tók tæpan áratug og fól í sér margar samráðsnotur áður en niðurstaða fékkst. Raforkueftirlitið hefur kallað eftir sambærilegum breytingum hér á landi. Samorka leggur áherslu á að framundan sé því umtalsverð vinna, samráð og samtal við hagaðila, neytendur og atvinnulíf um slíkar breytingar, til að tryggja að niðurstaðan verði hagkvæm, skilvirk og kostnaðarendurspeglandi gjaldskrá sem á sér traustan tæknilegan og efnahagslegan grundvöll til rekstrar sterkum og sjálfbærum dreifiveitum. Þær kröfur sem leiða af 14. gr. frumvarpsins mega hvorki trufla þessa vinnu né ganga gegn henni, heldur þarf innleiðing RED II að taka mið af og samræmast þeirri heildarendurskoðun gjaldskráa sem búast má við á næstu misserum.

3.3 Óleystar flækjur í gildandi raforkulögum

Samorka telur rétt að vekja sérstaka athygli á því að gildandi raforkulög fela þegar í sér tiltekna annmarka og óskýrleika sem torvela framkvæmd gagnvart minni framleiðslueiningum og að taka þurfi afstöðu til þeirra samhliða innleiðingu RED II eigi réttindi virkra notenda og orkusamfélaga að verða raunhæf í framkvæmd. Samorka hefur þegar, fyrir hönd dreifiveitna, vakið athygli Raforkueftirlitsins á

Þessum atriðum með erindi dags. 3. júlí 2025 um gjaldskrá vegna minni framleiðslueininga (12–100 kW).

Í fyrsta lagi er í núgildandi 5. mgr. 17. gr. a raforkulaga kveðið á um skyldu dreifiveitu til að greiða virkjun sem tengist henni og er undir 3,1 MW þann ávinning, að hluta eða fullu, sem felst í því að þurfa ekki að greiða úttektargjald að fullu til flutningskerfisins. Núverandi framkvæmd byggir þannig á sértækum útreikningi fyrir hverja einustu framleiðslueiningu, sem er bæði tímafrekt og ógagnsætt.

Í öðru lagi er óljóst samspil þessa efnisatriðis við 1. mgr. 4. gr. raforkulaga, þar sem fram kemur að raforkuver með uppsettu afli 100 kW eða minna þurfi ekki virkjunarleyfi. Óvissa ríkir um hvort líta beri svo á að framleiðslueiningar undir 100 kW teljist yfirhöfuð „virkjun“ í þessum skilningi, og þar með hvort greiðsluskylda dreifiveitu eigi við um þær. Samorka telur að leysa þurfi úr þessari réttaróvissu með skýrum hætti.

Í þriðja lagi er í núgildandi 6. mgr. 17. gr. a sérstakt ákvæði um afslátt af úttektargjaldi fyrir framleiðslueiningar undir 100 kW, þar sem afslátturinn er bundinn því skilyrði að eignarhlutur hvers eiganda sé að lágmarki 33% í viðkomandi virkjun. Ákvæðið er að mati dreifiveitna ruglingslegt og var upphaflega hugsað fyrir afmörkuð tilvik þar sem eigendur eru fleiri en einn en ekki fleiri en þrír. Dreifiveitur þekja ekki dæmi um að ákvæðið sé nýtt í reynd og hafa þegar lagt til að það verði fellt brott til að lágmarka réttaróvissu.

Í þessu sambandi bendir Samorka á frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (verkefni Raforkueftirlitsins), mál nr. S-58/2026 í samráðsgátt, þar sem m.a. er lagt til að 5. og 6. mgr. 17. gr. a falli brott.

Þannig þarf að tryggja rétta samfellu í gildistöku þeirra frumvarpa sem lögð hafa verið fram og verði tafir á innleiðingu frumvarps um sjálfstæði Raforkueftirlitsins, þá þarf að gera nauðsynlegar breytingar á raforkulögum með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, þannig að ekki skapist óvissa eða tómarúm um réttarstöðu minni framleiðslueininga.

3.4 Leyfisveitingar

Í 15. gr. frumvarpsins kemur fram að sala umframorku virkra notenda, jafningjaviðskipti milli slíkra aðila og raforkuviðskipti innan orkusamfélaga sé undanþegin kröfu um leyfi til raforkuviðskipta samkvæmt 18. gr. laganna. Samorka bendir á að slík almenn undanþága er ekki sjálfgefin forsenda þess að tryggja réttindi allra þessara aðila. Þetta á sérstaklega við um orkusamfélög, sem geta verið umtalsvert stærri og umfangsmeiri en einstakir litlir virkir notendur. Samorka telur rétt að fram fari mat á því hvaða undanþágur eru eðlilegar í þessu sambandi og hversu langt þær þurfa að ganga til að ná fram markmiðum frumvarpsins, með hliðsjón af meðalhófi, fremur en að lögfesta fortakslausa undanþágu frá leyfisskyldu fyrir alla flokka sem taldir eru upp í ákvæðinu. Vel kann að vera að rétt sé að taka upp einfaldað eða hlutfallslegt skráningar- eða leyfisferli í stað fullrar leyfisskyldu, sérstaklega gagnvart smærri aðilum, en að full undanþága eigi síður við um umfangsmeiri orkusamfélög, ef og þegar á reynir.

4. Skortur á innleiðingu ákvæða RED II um einföldun leyfisveitingarferla

4.1 Ekkert fjallað um leyfisveitingar í frumvarpinu

Samorka vekur sérstaka athygli á því að í frumvarpinu er hvergi fjallað um innleiðingu ákvæða RED II um skipulag, einföldun og hraðari leyfisveitingarferla fyrir orkuframkvæmdir, sbr. 15. og 16. gr. tilskipunarinnar. Þetta er þrátt fyrir að einföldun leyfisveitinga hafi verið og sé áfram einróma forgangsmál hagsmunaaðila í þessu samráði.

4.2 Efni 15. og 16. gr. RED II

Í 15. gr. RED II er mælt fyrir um að aðildarríki skuli tryggja að stjórnarsýslumeðferðir vegna leyfisveitinga, vottunar og skipulags fyrir orkuver sem nýta endurnýjanlega orkugjafa séu einfaldar og að þeim sé hraðað á viðeigandi stjórnarsýslustigi. Í 16. gr. RED II er mælt nánar fyrir um skipulag og lengd sjálfs leyfisveitingarferlisins. Þar er kveðið á um að aðildarríki skuli koma á einum tengilið (e. „one-stop shop“) sem leiðbeini umsækjanda og greiði fyrir stjórnarsýslumeðferð umsóknar frá upphafi til enda, og að leyfisveitingarferlið í heild skuli að jafnaði ekki taka lengri tíma en tvö ár, með möguleika á allt að eins árs framlengingu í réttlætanlegum tilvikum. Fyrir smærri stöðvar, undir 150 kW að uppsettu afli, skal ferlið ekki taka lengri tíma en eitt ár.

Samorka minnir jafnframt á að með tilskipun (ESB) 2023/2413 (RED III) hafa verið gerðar umfangsmiklar breytingar á bæði 15. og 16. gr. RED II. Þannig var 15. gr. leyst af hólmi með nýjum greinum 15. gr. a–15. gr. e og 16. gr. með nýjum greinum 16. gr. a–16. gr. f. Meðal nýmæla RED III eru ákvæði um svokölluð hröðunarsvæði (e. *renewables acceleration areas*) þar sem leyfisveitingarferli skal að jafnaði ekki taka lengri tíma en 12 mánuði, og ákvæði 16. gr. f um að líta beri á orkuver sem nýta endurnýjanlega orkugjafa og nauðsynlega innviði þeirra í þágu brýnna almannahagsmuna (e. *overriding public interest*), lýðheilsu og almannaoýruggis við mat á vægi gagnstæðra hagsmuna.

4.3 Regluverkið ekki í samræmi við tilskipunina

Í fylgiskjali frumvarpsins, „Mat á áhrifum lagasetningar“, er í svari við spurningu um áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði fullyrt að „regluverk hér á landi [sé] í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar um einföldun og flýtingu leyfisveitingaferla“. Samorka telur þessa fullyrðingu ekki standast skoðun og að hún gefi ranga mynd af raunverulegri stöðu mála.

Til stuðnings þessu bendir Samorka á að í lögum nr. 66/2026 frá 28. júní sl. um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun er mælt fyrir um einföldun og styttingu á ferli rammaáætlunar. Þrátt fyrir að lögunum sé ætlað að einfalda og stytta leyfisveitingarferli er þar gert ráð fyrir að niðurstaða verkefnisstjórnar rammaáætlunar til Alþingis geti tekið allt að 24 mánuði, að ekki séu lagðir til sérstakir tímafrestir fyrir meðferð málsins á Alþingi og að sveitarstjórnnum verði veittur allt að sex ára frestur til að aðlaga skipulagsáætlanir sínar að niðurstöðu rammaáætlunar. Samanlagt getur því leyfisveitingarferli tengt virkjunarkostum í ferli rammaáætlunar enn tekið allt að átta ár, sem er langt umfram þau tveggja ára tímamörk sem 16. gr. RED II mælir fyrir um. Þá eru lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun ekki meðal þeirra laga sem gert er ráð fyrir að þurfi að breyta við innleiðingu á RED II samkvæmt frumvarpinu, þótt ljóst sé að þau lög standi einna helst í vegi fyrir því að Ísland

uppfylli tímamörk tilskipunarinnar. Þá eru ótalin önnur þau lög og leyfisveitingarferli sem þarf að uppfylla eftir að ferli rammaáætlunar lýkur.

Í ljósi framangreinds telur Samorka að ráðuneytið verði að endurskoða þá afstöðu að regluverk hér á landi sé þegar í samræmi við kröfur RED II um leyfisveitingar og að fjalla þurfi með fullnægjandi hætti um innleiðingu 15. og 16. gr. tilskipunarinnar í frumvarpinu sjálfu.

4.4 Nauðsyn þess að ganga lengra

Samorka leggur til að stjórnvöld nýti tækifærið sem innleiðing RED II gefur til að ganga lengra en lágmarkskröfur tilskipunarinnar kveða á um og taki jafnframt upp í íslenskan rétt þau ákvæði RED III sem lúta að einföldun leyfisveitingarferla. Þetta er í samræmi við þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá fjölda hagsmunaaðila í þessu samráðsferli.

- **Brýnir almannahagsmunir:** Samorka hvetur til þess að tekið verði upp í íslensk lög ákvæði sambærilegt 16. gr. f RED III um að orkuvinnsla úr endurnýjanlegum orkugjöfum og nauðsynlegir innviðir henni tengdir teljist til brýnna almannahagsmuna. Slík skilgreining getur haft áhrif á vægi hagsmuna við mat á umhverfisáhrifum og flýtt fyrir afgreiðslu mála, m.a. í tengslum við lög um stjórn vatnamála og aðra sérlöggjöf sem virkjunarkostir þurfa að fara í gegnum.
- **Hröðunarsvæði:** Samorka hvetur ráðuneytið til að taka til skoðunar hvernig hugmyndafræði RED III um afmörkuð hröðunarsvæði, þar sem leyfisveitingarferli taki að jafnaði ekki lengri tíma en 12 mánuði, geti nýst til að einfalda og hraða afgreiðslu verkefna hér á landi. Huga má að slíkri útfærslu í samvinnu við sveitarfélög landsins, þannig að þau verði hvött eða skuldbundin til að tryggja hröðunarsvæði innan sinna marka.
- **Stofnanaumgjörð:** Samorka telur rétt að ráðuneytið horfi til þess að tryggja einn samræmdan tengilið/samræmingaraðila fyrir leyfisumsóknir í því skyni að stytta heildarafgreiðslutíma.
- **Endurskoðun laga um rammaáætlun:** Samorka ítrekar að nauðsynlegt er að taka lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun til heildstæðrar endurskoðunar samhliða innleiðingu RED II.

Samorka áréttar að framangreind atriði varðandi hröðunarsvæði og brýna almannahagsmuni eru sótt í RED III en ekki RED II en leggur til að þau verði engu að síður höfð til hliðsjónar nú þegar við innleiðingu RED II, enda er tafsamt leyfisveitingarferli einn helsti þröskuldur í vegi orkuskipta og samkeppnishæfni Íslands um þessar mundir.

5. Samantekt

Samorka styður þau markmið sem búa að baki innleiðingu RED II og fagnar því að unnið sé að lögfestingu tilskipunarinnar. Samorka gerir ekki miklar athugasemdir við I. kafla frumvarpsins um upprunaábyrgðir, en bendir á nokkur atriði sem betur mega fara varðandi hlutverk Landsnets og samræmi í hugtakanotkun. Að því er varðar breytingar á raforkulögum leggur Samorka áherslu á að tæknileg útfærsla tenginga verði áfram á hendi dreifiveitna sjálfra, og að vandað verði til verka við mótun gjaldskrár fyrir virka notendur og orkusamfélög, þannig að meginreglan um kostnaðarendurspeglandi gjaldskrá sé virt og að dreifiveitum verði veittur hæfilegur aðlögunartími.

Mikilvægast telur Samorka þó að bætt verði úr þeim verulega ágalla frumvarpsins að í því er ekki fjallað um innleiðingu ákvæða RED II um einföldun leyfisveitingarferla, og hvetur ráðuneytið til að taka málið til gagn Gerrar skoðunar, meðal annars með hliðsjón af þeim einföldunum sem þegar hafa verið teknar upp annars staðar í Evrópu með RED III.

Samorka er reiðubúin til áframhaldandi samráðs við stjórnvöld um efni frumvarpsins og útfærslu þess.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur